

GREINARGERÐ

fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins

í málinu nr. 8/2021;

Almenningar og fjalllendi á Hornströndum auk Grænuhlíðar

I. Inngangur

Fyrirsvar málsaðila

Undirritaður, Ívar Pálsson hrl., Landslögum, Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins.

Framlögð skjöl

Af hálfu íslenska ríkisins er lögð fram greinargerð þessi og skjáskot af islenskirjoklar.is.

Áskilinn er réttur til þess að leggja fram frekari gögn, þ.m.t. vegna gróðurfars.

II. Kröfugerð

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðis, sbr. eftirfarandi kröfulínur:

Álfstaðir, Kvíar og Steig

Upphafspunktur er í upptökum Skorarár sem ræður merkjum Hrafnfjarðareyrar og Álfstaða (1). Þaðan eftir línu í 200m hæð að fjallsbrún Meleyrar sem ræður merkjum Álfstaða og Kvía (2). Þaðan eftir línu í 200m hæð í Mann sem ræður merkjum Kvía og Steigar (3). Þaðan eftir línu í 200m hæð í Veiðileysuá sem ræður merkjum Steigar og Steinólfsstaða (4). Þaðan eftir miðlínu Veiðileysuár í Hafnarskarð (5). Þaðan eftir hæstu fjallsbrúnum eftir því sem vötnum hallar í upphafspunkt.

Engar breytingar hafa verið gerðar á kröfum vegna *Álfsstaða, Kvía og Steigar* frá upphaflegri kröfulýsingu.

Marðareyri og Hesteyrarfjörður

Upphafspunktur er í 200m hæð við Merkislæk sem ræður merkjum Steinólfsstaða og Marðareyrar (1). Þaðan eftir línu í 200m hæð í Lás sem ræður merkjum Grunnvíkur- og Staðarsóknar (2). Þaðan til sjávar og afmarkast kröfusvæði af sjó að miðlínu Hesteyrarár (3). Þaðan eftir miðlínu Hestfjarðarár í upptök hennar (4). Þaðan í beinni línu til fjalls og eftir hæstu fjallsbrúnum, þar sem vötnum hallar að Merkislæk sem ræður merkjum Steinólfsstaða og Marðareyrar og þaðan í upphafspunkt.

Kröfur samkvæmt upphaflegri kröfugerð eru óbreyttar. Framsetning á kröfulínunum á kröfukorti frá punkti 4 til 12 í kröfulýsingu eigenda Hesteyrar og frá punkti íslenska ríkisins nr. 1 að punkti 2, í kröfulýsingum eigenda Marðareyrar og Steinólfsstaða, verða samræmdar þannig að línurnar falli saman.

Grænahlið og fjallendi vestur Aðalvíkur

Upphafspunktur er í Nálarskeri (1). Þaðan í beinni línu upp á fjallsbrún á Ritinum og eftir fjallsbrún í Ritaskörð (2). Þaðan eftir fjallsbrún Mannadals og Tindafjalls að hábrún fyrir utan Garðadal við svonefnda Leið sem ræður merkjum Garða (3). Þaðan ráða fjallsbrúnir að Garðhorni, Lækjarfjalls í Staðarskörð (4). Þaðan eftir bjargbrún og að og eftir fjallsbrúnum Fannadals í Nasa (5). Þaðan eftir fjallsbrúnum Þverárdals, Hvarfnúps og Sléttuskarðs (6). Þaðan áfram eftir fjallsbrúnum Litlafells og beint í fjallsbrúnir Búrfells að vestanverðu við Hesteyrarskarð (7). Þaðan eftir fjallsbrúnum Búrfells og Litlafells í Hesteyrardal og Hraunkolludal, þar sem fjallsbrún heldur út að Fannardal og þaðan eftir því sem vötnum hallar út á Hnúka, eftir hæstu rönd á Sléttu (Sleppu), eins og merkjum er lýst í landamerkjabréfi Sléttu frá 1889, til sjávar (7). Þaðan afmarkar sjór svæðið í upphafspunkt.

Gerð er breyting á kröfugerð íslenska ríkisins og er þess nú krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðisins, sbr. eftirfarandi breytta kröfulínu:

Upphafspunktur er í Nálarskeri (1). Þaðan í beinni línu upp á fjallsbrún á Ritinum og eftir fjallsbrún í Ritaskörð (2). Þaðan í beinni línu í Darra og þaðan eftir hábrún Skálardalsbjargs til austurs í punkt í u.þ.b. 400m hæð norðvestan við Ytri bringur (3). Þaðan í beinni línu að Garðhorni (4). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Staðarskörð (5). Þaðan eftir fjallsbrúnum í Miðhorn sem ræður merkjum Þverdals (6). Þaðan

inn eftir Nasanum, yfir svokölluð Drög þaðan fram á Langahjalla eftir vatnaskilum og þaðan eftir vatnaskilum í Litlafell (7). Þaðan eftir fjallsbrún út að Fannardal og þaðan eftir því sem vötnum hallar út á Hnúka, eftir hæstu rönd á Sléttu (Sleppu), eins og merkjum er lýst í landamerkjabréfi Sléttu frá 1889, til sjávar (8). Þaðan afmarkar sjór svæðið í upphafspunkt.

Með framangreindum breytingum hefur verið brugðist við athugasemdum og nýjum gögnum frá landeigendum, þ.m.t. landamerkjabréfi Þverdals, og að hluta komið til móts við kröfur þeirra. Með breytingunum falla jarðirnar Þverdalur, Efri Miðvík, Slétta og Hesteyri utan þessa kröfusvæðis, auk þess sem nokkur breyting hefur verið gerð á kröfum innan Garða og Sæbóls.

Hvestudalir

Upphafspunktur í sjó við Hvestutá (1). Þaðan í beinni línu á hábungu Hvestu (2). Þaðan eftir klettabrúnum Ytri- og Innri-Hvestudala (3). Þaðan eftir hæstu klettabrún á milli Hvestudals og Kónga til sjávar (4). Þaðan afmarkast kröfusvæðið af sjó í upphafspunkt.

Engar breytingar eru gerðar á kröfum vegna *Hvestudala* frá upphaflegri kröfulýsingu.

Almenningar vestari

Upphafspunktur er í Kögurtá sem ræður merkjum við Atlastaði (1). Þaðan ráða hæstu fjallsbrúnir eftir því sem vötnum hallar í Kjalarárnúp og þaðan til sjávar (2). Þaðan afmarkast kröfusvæði af sjó í upphafspunkt.

Engar breytingar eru gerðar á kröfum vegna *Almenninga vestari* frá upphaflegri kröfulýsingu.

Hlöðuvík og Hælavík

Upphafspunktur er í 200m hæð ofan við Hvalsker sem ræður merkjum Kjaransvíkur og Hlöðuvíkur (1). Þaðan eftir línu í 200m hæð í punkt ofan við Ófærubjarg í 200m hæð milli Hlöðuvíkur og Hælavíkur (2). Þaðan eftir línu í 200m hæð um Fannarlág, Darra, Þórgunnudal og Hælavíkurbjarg og í punkt í 200m hæð ofan við Súlnastapa (3). Þaðan eftir hæstu fjallabrúnum í upphafspunkt.

Kröfur samkvæmt upphaflegri kröfugerð eru óbreyttar. Framsetning á kröfulínum íslenska ríkisins á kröfukorti, milli punkta 7 og 8 í kröfulýsingu Rekavíkur bak Höfn, verða samræmdar kröfulínu landeigenda. Þá verður kröfulína á kröfukorti, frá

punkti íslenska ríkisins nr. 3 og í upphafspunkt, samræmd við kröfulínu landeigenda Steinólfsstaða þannig að línurnar falli saman.

Höfn og Horn

Upphafspunktur er í 200m hæð í háfjallagarði sem ræður merkjum Rekavíkur bak Höfn og Hafnar (1). Þaðan eftir línu í 200m hæð eftir Torfdal, Kýrdal að Skipakletti (2). Þaðan eftir línu í 100 m hæð að Horni (3). Þaðan til beint til sjávar og ræður sjór mörkum í punkt fyrir neðan Almenningsskarð (4). Þaðan sjónhending beint í skarðið (5). Þaðan til fjalls og eftir hæstu fjallsbrúnum Dögunarfells, Kýrdals og Torfdals og í upphafspunkt sbr. landamerki Steigar og Þjóðlendu-kröfulínu Álfstaða, Kvía og Steigar og við Almennunga Eystri.

Kröfur samkvæmt upphaflegri kröfugerð eru óbreyttar. Framsetning á kröfulinum á kröfukorti, frá punkti íslenska ríkisins númer 4 og um punkt númer 5 í hæstu fjallsbrún Dögunarfells, verða samræmdar kröfulínu landeigenda milli Almenningsskarðs og Dögunarfells þannig að línurnar falli saman.

Almennugar eystri (Látravík og Bjarnarnes), Smiðjuvík, Barðsvík og Bolungavík

Upphafspunktur er í sjó neðan við Almenningsskarð (1). Þaðan sjónhending í skarðið (2). Þaðan til hæstu fjallsbrúnar og eftir hæstu fjallsbrúnum Dögunarfells, Hestskarðs, Kýrskarðs, Breiðskarðs og þaðan eftir hæstu fjallabrúnum eins og vötnum hallar að Smiðjuvík, Barðsvík og Bolungavík, í samræmi við Þjóðlendu-kröfulínu Álfstaða, Kvía og Steigar, í hæsta fjallgarð norðan Skorarheiðar að landamerkjum Furufjarðar (3). Þaðan eins og vötnum hallar að Bolungavíkurbjargbrún og þaðan til sjávar, eftir landamerkjum Furufjarðar (4). Þaðan eftir línu í 200m hæð fram eftir Bolungavíkurdal og í Straumnestá sem ræður merkjum við Barðsvík (5). Þaðan í sjónhendingu í hæstu nýpu á Straumneshlíð og eftir klettabrúnum Barðsvíkur í um 400m hæð í hæstu hyrnuna á Barðanum sem ræður merkjum Barðsvíkur og Smiðjuvíkur (6). Þaðan eftir fjallsbrúnum Smiðjuvíkur í u.þ.b. 200m hæð yst á Snók (7). Þaðan í sjónhendingu beint í Drýfandisfoss og þaðan til sjávar. (8). Þaðan afmarkar sjór í upphafspunkt.

Gerð er eftirfarandi breyting á kröfugerð íslenska ríkisins. Er þess nú krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað Þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðisins, sbr. eftirfarandi breytta kröfulínu:

Upphafspunktur er í sjó við Öxina undir Axarfjalli (1). Þaðan bein sjónhending í hæstu hyrnuna á Axarfjalli (2). Þaðan eftir vatnaskilum í Galthyrnu (3). Þaðan eftir hæstu fjallsbrúnum Breiðskarðs og þaðan eftir hæstu fjallabrúnum eins og vötnum hallar að Smiðjuvík, Barðsvík og Bolungavík, í samræmi við

Þjóðlendukröfulínu Álfstaða, Kvía og Steigar, í hæsta fjallgarð norðan Skorarheiðar að landamerkjum Furufjarðar (4). Þaðan eins og vötnum hallar að Bolungavíkurbjargbrún og þaðan til sjávar, eftir landamerkjum Furufjarðar (5). Þaðan eftir línu í 200m hæð fram eftir Bolungavíkurdal og í Straumnestá sem ræður merkjum við Barðsvík (6). Þaðan í sjónhendingu í hæstu nýpu á Straumneshlíð og eftir klettabrúnum Barðsvíkur í um 400m hæð í hæstu hyrnuna á Barðanum sem ræður merkjum Barðsvíkur og Smiðjuvíkur (7). Þaðan eftir fjallsbrúnum Smiðjuvíkur í u.þ.b. 200m hæð yst á Snók (8). Þaðan í sjónhendingu beint í Dryfandisfoss og þaðan til sjávar. (9). Þaðan afmarkar sjór í upphafspunkt.

Með breytingunum fellur jörðin Látravík utan kröfusvæðis.

III. Málavextir

Um málavexti vísar íslenska ríkið til framlagðar kröfulýsingar, dags. 15. september 2020. Í kjölfarið voru kröfur íslenska ríkisins kynntar af hálfu óbyggðanefndar með tilskyldum hætti. Var þeim sem töldu sig eiga kröfu á kröfusvæðinu veittur frestur til 1. febrúar 2021 til að leggja fram kröfur.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Álfstaða, Kvía og Steigar:

Guðmundur Karl Bergmann, Halldór Gíslason, Aðalheiður Halldórsdóttir, Bára Gísladóttir, Guðríður Gísladóttir, Páll Pálsson og Ætt Hjartar Guðmundssonar sf. vegna Álfstaða í Jökulfjörðum.

Ættaróðal Kvíar sf. vegna Kvía ásamt eyðijörðum í Lónafirði.

Konráð Guðmundur Eggertsson vegna Steigar í Jökulfjörðum.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Marðareyrar og Hesteyrarfjarðar:

Ásdís Svava Hrólfsdóttir, Birna Hjaltalín Pálsdóttir, Db. Stefáns Dan Óskarssonar, Magnús Guðmundsson, Marðareyri sf., Eiríkur Benjamínsson, Benedikt Albert Benediktsson, Hansína Tómasdóttir og Albert Benediktsson vegna Marðareyrar.

Sölvi Rúnar Sólbergsson vegna Hesteyrar/Reyrhóls Inr. 189290.

Db. Jakobínu Sigurðardóttur, Db. Fríðu Áslaugar Sigurðardóttur, Db. Kristjáns Sigurðssonar, Db. Baldvins Lúðvíks Sigurðarsonar, Db. Sigríðar S. Sigurðardóttur, Db. Sigurborgar Sigurðardóttur, Db. Ásdísar Sigurðardóttur, Guðný Sigrún Sigðurðardóttir, Hrafnhildur Ingólfssdóttir, Sigrún Hjartardóttir, Birgir Ingólfsson, Guðmundur Hjartarson, Guðrún Edda Kjartansdóttir, Örn Ingólfsson, Ingibjörg Hjartardóttir, Stefnía Hjartardóttir, Lilja Hjartardóttir, Gunnhildur Hjartardóttir, Skarphéðinn Þór Hjartarson vegna Hesteyrar/Langavallar Inr. 189026.

Guðmundur Þór Jónsson vegna Hesteyrar/Heimabær lnr. 189306.

Ingibjörg Guðmundsdóttir, Hólmfríður Guðmundsdóttir og Dóra Guðmundsdóttir vegna Hesteyrar/Heimabær 2 lnr. 189298.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Grænuhlíðar og fjalllendis vestur Aðalvíkur:

Guðmundur Hjálmarsson vegna Ystabæjar, Sæbóli.

Guðrún Pálsdóttir vegna Bólshúss, Sæbóli.

Erling Ásgeirsson vegna Fjósatungu, Sæbóli.

Finnbjörn A. Hermannsson vegna Jónshúss, Sæbóli.

Jónína Vala Kristinsdóttir vegna Hjálmsfríðarbóls, Sæbóli.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson vegna Steinshússins, Sæbóli.

Birna Jóhannesdóttir, Ingibjörg Betúelsdóttir, Hrafnhildur Inga Guðjónsdóttir f.h. db. Betúels Betúelssonar, Hrafnhildur R. Jósefsdóttir, Jósef Smári Jósefsson, Erna K. Þorkelsdóttir, Hildur Þorkelsdóttir, Gerður Þorkelsdóttir og Fanney Þorkelsdóttir vegna Garða í Aðalvík.

Berta Gerður Guðmundsdóttir, Edda G. Garðarsdóttir, Erla Gígja Garðarsdóttir, Garðar Snorri Guðmundsson, Gauti Magnússon, Guðrún Elsa Garðarsdóttir, Guðrún Magnúsdóttir, Gylfi Magnússon, Db. Hannesar Garðarssonar, Hansína Sigurðardóttir, Harpa Rós Guðmundsdóttir, Helgi Steinar Helgason, Jónína Garðarsdóttir, Kjartan Páll Guðmundsson, Kolbrún Finnsdóttir, Kolbrún Sigurðardóttir, Kristín Linda Sveinsdóttir, Magnea Gerður Sveinsdóttir, Ruth Örnólfsdóttir, Sjöfn Sóley Sveinsdóttir, Smári Sveinsson, Snorri Hjálmarsson, Snædís Guðmundsdóttir, Sólveig Lilja Guðmundsdóttir og Örnólfur Örnólfsson vegna Þverdals.

Finnbjörg A. Hermannsson f.h. db. Þórunnar Finnbjarnardóttir, db. Friðgerðar Finnbjörnsdóttur, db. Kristjáns Finnbjörnssonar, db. Mikkalínu Finnbjörnsdóttir, Hilmar Rafn Sölvason f.h. db. Guðmundar F. Sölvasonar og db. Guðrúnar Margrétar Sölvadóttur, db. Eiríks Sölvasonar, Karitas Sölvadóttur Häsler, Ástu Maríu Sölvadóttur og Hilmar Rafn Sölvason, Valgeir Ómar Jónsson vegna db. Elíasar Þorbergssonar, db. Þóreyjar Þorbergsdóttur, db. Jóns Hálfðans Þorbergssonar, Ragnars Þorbergssonar, Karls Guðmundar Kjartanssonar, Eyrúnar Hafdísar Kjartansdóttur, Þorláks H. Kjartanssonar, Elísabetar Halldórsdóttur, Sigurðar

Halldórssonar, Þorbergs Halldórssonar, Rannveigar G. Halldórsdóttur og Ingu Jónu Halldórsdóttur.

Ekki var lýst kröfu vegna Lækjar.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Hvestudala:

Edward H. Finnsson vegna Tungu í Fljótavík.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Almenna vestari:

Engum kröfum var lýst vegna Almenna vestari.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Hlöðuvíkur og Hælavíkur:

Db. Bjargar Bjarndísar Sigurðardóttur, Ásgerður Ósk Júlíusdóttir, Sigrún Alda Júlíusdóttir, Ingibjörg Bára Júlíusdóttir, Heiða Björk Júlíusdóttir, Lilja Hrönn Júlíusdóttir, Gylfi Sigurður Geirsson, Sævar Þór Geirsson, Ingibjörg Guðrún Geirsdóttir og Jóhanna Elka Geirsóttir vegna Rekavík bak Höfn.

Ekki var lýst kröfum vegna Hlöðuvíkur og Hælavíkur.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Hafnar og Horns:

Hafnarbás ehf. vegna Hafnar í Hornvík.

Hallfríður Ragúelsdóttir, Guðríður H. Benediktsdóttir, Magnús Kristinsson, Rannveig Ragúelsdóttir, Þórir Bergmundsson, Ásthildur Gunnarsdóttir, Bergþóra Bergmundsdóttir, Freyja Haraldsdóttir, Jónína Benediktsdóttir, Anna Stígisdóttir, Elfa Björk Benediktsdóttir, db. Haraldar Stígssonar, Sígur Stígsson, Viggó Benediktsson, Iðunn Haraldsdóttir, Rebekka R. Frímannsdóttir, Jón Ingi Óskarsson, Halldór Gunnarsson, Halldís Gunnarsdóttir, Frímann Benediktsson, Kolbrún Benediktsdóttir, Guðmunda Guðmundsdóttir, Guðbjörg Stefánsdóttir, Grímur Oddsson, Harpa Harðardóttir, Gígja Harðardóttir, Gunnlaugur Kristinn Hreiðarsson, Friðgerður Ebba Sturludóttir, Jónína Sturludóttir, db. Gunnlaugs Gunnarssonar, Soffía Hrönn Gunnarsdóttir, Ívan Jökull Pallé, Jónína Ragnhildur Ragúelsdóttir, Guðjón Elí Sturluson, Vigdís Unnur Gunnarsdóttir, Helgi Már Hreiðarsson, Stígur Arnórsson, Írena Hlín Júlíusdóttir, Frímann A. Sturluson, Davíð Arnar Stefánsson, Stefán Hagalín Ragúelsson, Svanfríður Arnórsdóttir, Hjalti Allan Sverrisson, Stefán Jökull Stefánsson, Björk Sverrisdóttir, Guðný Jórunn Gunnarsdóttir, Stígur Haraldur Sturluson, Elfa Dís Arnórsdóttir, db. Ernu Gunnarsdóttur, Andrea Sigrún Harðardóttir, Guðmundur Bjartur Júlíusson, Birna Guðrún Sverrisdóttir og Jóhann Valdimarsson vegna Horns við Hornbjarg.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Almenninga eystri (Látravík og Bjarnarnes), Smiðjuvík, Barðsvík og Bolungavík:

Guðfinna Sigurjónsdóttir, Sigurjón Kristinn Sigurjónsson, Bjarki Bjarnason, Guðbjörg Nordal Þorsteinsdóttir, Sigríður J. Sigurjónsdóttir, Hallgrímur Magnús Sigurjónsson, Hjördís Hjartardóttir, Sigurður Bjarni Hjartarson, Viðar Hjartarson og Hilmar Hjartarson vegna Bjarnarness.

Bryndís Guðjónsdóttir, Sveinbjörg A. Friðbjarnardóttir, Álfheiður F. Friðbjarnardóttir, Ása Fönn Friðbjarnardóttir, Friðrikka Sigurðardóttir, Rut Sigurðardóttir, Sigrún Guðjónsdóttir, Kristjana Sigurðardóttir, Hjördís Sigurðardóttir, Þórarinn Guðjónsson, Pétur Sigurðsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Júlíus Guðjónsson, Karl Jensen Sigurðsson og 1818 ehf. vegna Smiðjuvíkur.

Reimar Hafsteinn Vilmundarson f.h. db. Vilmundar Reimarssonar, Ásthildur Gunnarsdóttir, Halldís Gunnarsdóttir og Halldór Gunnarsson vegna Bolungavíkur á Ströndum.

Ekki var lýst kröfum vegna Látravíkur og Barðsvíkur.

IV. Málsástæður

Um málsástæður og heimildir er vísað til kröfulýsingar, dags. 15. september 2020 og sögulegrar greinargerðar Þjóðskjalasafns Íslands. Íslenska ríkið byggir á að framangreind landssvæði sem kröfur ríkisins ná til séu svæði utan eignarlanda því þjóðlendur, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Álfsstaða, Kvía og Steig* er fyrst og fremst stuðst við landamerkjabréf aðliggjandi jarða, að því marki sem þau liggja fyrir þ.e. Hrafnfjarðareyri, Álfsstaðir, Kvíaa, Steigar, Steinólfsstaðir, Bjarnarnes, Smiðjuvík, Barðsvík, Bolungavík og Furufjörður. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti. Er kröfusvæðið miðað við 200m hæðarlínu að hluta m.t.t. lýsingu þekktra merkja en enda landamerkjalyásing að öðru leyti óljós eða óskýr og ekki hægt að draga beina línu milli þekktra punkta þar sem það myndi leiða til niðurstöðu sem ekki væri hægt með sanngirni eða skynsemi að réttlæta. Erfitt er að finna skýra landfræðilega afmörkun sem hægt var að styðja kröfulínu við aðra en hæðarlínu. Hæðarlína var þá valin með hliðsjón af þekktum punktum í merkjalýsingu og reynt að miða við landshætti s.s. gróðurfar og landslag. Þó línan sé tiltölulega neðarlega í metrum, og hluti svæðisins því ekki mjög hálendur, virðist gróðurfar engu að síður vera með þeim hætti, þ.e. um er að ræða frekar gróðursnautt land og líkur á því að það hafi verið nytjað ekki miklar. Þá er bent á að um er að ræða svæði á annesjum mjög norðarlega.

Einnig er byggt á nýlegum rannsóknum á grundvelli samstarfsverkefnis Veðurstofu Íslands, Jarðvísindastofnunar Háskólans, Landsvirkjunar, Jökларannsóknafélags Íslands, Landmælinga Íslands og Náttúrustofu Suðausturlands þar sem íslenskir jöklar hafa verið rannsakaðir m.t.t. þeirra breytinga sem átt hafa sér stað. Niðurstöður rannsókna má sjá á islenskirjoklar.is.

Innan kröfusvæðisins mun hafa verið að finna fjóra jökla, þ.e. Skarðsjökul við Skarðsaxlir sem er við hábungu á milli Kvía og Hafnar, jökla við hábungu Tindskarðs á milli Steigar og Hafnar og svo loks jökul fremst í Karlsstaðadal.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Marðareyrar* og *Hestfjarðareyrar* er fyrst og fremst stuðst við landamerkjabréf Steinólfsstaða sem er aðliggjandi jörð, sem og sóknarmörk Grunnavíkur og Staðarsóknar við afmörkun kröfusvæðis. Jafnframt er stuðst við landamerkjabréf aðliggjandi jarða, Steinólfsstaða, Sléttu, Efri- og Neðri Miðvíkur, Stakkadals, Glúmstaða og Kjaransvíkur. Landamerkjabréf fyrir Marðareyri liggur ekki fyrir né fyrir Hesteyri. Í sóknarlýsingu Vestfjarða segir um Hesteyri:

Hesteyri, heimajörðin (24 Hdr. öll), 12 Hdr. að dýrleika, stendur á sjóarbakka fyrir utan Hesteyrará. Túnið nær ofan að sjó og er alltgott. Útheyslægjur í minna lagi og reitingslegar. Útigangur í meðallagi með styrk af fjöru. Skaðaveður koma þar aldregi. Mótak er þar lítið. Selveiði mætti hafa þar, ef skot legðust niður. Til fiskjar nær þar nokkuð lítið.¹ Þá er Hesteyrarfjörður, sem liggur undir Hesteyri, tilgreindur sem afréttarland í lýsingu sóknarlýsingar á afréttarlöndum Staðarsóknar.

Með vísan til sóknarlýsingarinnar er því lýst þjóðlendukröfu í Hesteyrarfjörð að Hesteyrará og í fjallendið. Er kröfusvæðið miðað við 200m hæðarlínu m.t.t. lýsingu þekktra merkja en ekki er hægt að draga beina línu milli þekktra punkta þar sem það myndi leiða til niðurstöðu sem ekki væri hægt með sanngirni eða skynsemi að réttlæta. Erfitt er að finna skýra landfræðilega afmörkun sem hægt var að styðja kröfulínu við aðra en hæðarlínu. Hæðarlína var valin með hliðsjón af þekktum punktum í og reynt að miða við landshætti s.s. gróðurfar og landslag. Þó línan sé tiltölulega neðarlega í metrum, og hluti svæðisins því ekki mjög hálendur, virðist gróðurfar engu að síður vera með þeim hætti, þ.e. um er að ræða frekar gróðursnautt land og líkur á því að það hafi verið nytjað ekki miklar. Þá er bent á að um er að ræða svæði á annesjum mjög norðarlega.

¹ Ísafjarðar- og Strandasýslur. Sóknarlýsing Vestfjarða. Samband vestfirzakra áttthagafélaga (1952), bls. 185.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Grænuhlíðar og fjallendis vestur Aðalvíkur* er fyrst og fremst stuðst við landamerkjabréf Skálardals, Garða, Sæbóls, Staðar, Þverdals, Efri Miðvíkur og Sléttu. Þar sem landamerki Lækjar liggur ekki fyrir er jafnframt stuðst við landfræðilega legu og gróðurfar sem gefa vísbendingu um að kröfusvæðið hafi lítt verið nytjað. Þá er byggt á og vísað til þess að Grænuhlíð er lýst sem almenningi í Sóknarlýsingu Vestfjarða og í Tylftardómi frá 5. maí 1514.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Hvestudala* er fyrst og fremst stuðst við landamerkjabréf Tungu, Látra og Rekavík bak Látur. Einnig er stuðst staðhætti og landfræðilega legu sem gefa vísbendingu um að kröfusvæðið hafi ekki verið nytjað eða nýtt með öðrum hætti sem eignarland. Þá er einnig vísað til þess að Hvestudölum er lýst sem afréttarlandi í sóknarlýsingu Vestfjarða.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Almenninga vestari* er fyrst og fremst stuðst við landamerkjabréf Atlastaða og Kjaransvíkur. Þá er einnig stuðst við skjalfestar heimildir um almenninga á kröfusvæðinu. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti sem gefa vísbendingu um að landið hafi ekki verið jörð.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Hlöðuvíkur og Hælavíkur* er fyrst og fremst stuðst við landamerkjabréf Kjaransvíkur, Steinólfsstaða og Rekavík bak Höfn. Þar sem landamerki Hlöðuvíkur, Hælavíkur og Hafnar liggja ekki fyrir er jafnframt stuðst við landfræðilega legu og gróðurfar sem gefa vísbendingu um að kröfusvæðið hafi ekki verið nytjað eða nýtt með öðrum hætti sem styðji að um eignarland sé að ræða.

Er kröfusvæðið miðað við 200m hæðarlínu m.t.t. lýsingu þekktra merkja en ekki er hægt að draga beina línu milli þekktra merkja þar sem það myndi leiða til niðurstöðu sem ekki væri hægt með sanngirni eða skynsemi að réttlæta. Hæðarlína var þá valin með hliðsjón af þekktum punktum í og reynt að miða við landshætti s.s. gróðurfar og landslag. Þó línan sé tiltölulega neðarlega í metrum, og hluti svæðisins því ekki mjög hálendur, virðist gróðurfar engu að síður vera með þeim hætti, þ.e. um er að ræða frekar gróðursnautt land og líkur á því að það hafi verið nytjað ekki miklar. Þá er bent á að um er að ræða svæði á annesjum mjög norðarlega.

Þá er einnig vísað til þess að rannsóknir hafa sýnt fram á að jökull hafi verið í „Eystri-Jökladal“. Þá eru einnig að finna örnefni „Vestari-Jökladalur“ og „Jökladalshorn“ sem gefur a.m.k. vísbendingar um að svæðið hafi verið lítt gróið.

Innan kröfusvæðisins mun hafa verið að finna fjóra jökla, þ.e. Skarðsjökul við Skarðsaxlir sem er við hábungu á milli Kvía og Hafnar, jökla við hábungu Tindskarðs á milli Steigar og Hafnar og svo loks jökul fremst í Karlsstaðadal.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Hafnar og Horns* er fyrst og fremst stuðst við landamerkjabréf Rekavíkur bak Höfn, landmerki Steigar og Þjóðlendukröfulínu Álfstaða, Kvía og Steigar og við Almennunga Eystri. Þar sem landamerki Hornvíkur og Horns liggja ekki fyrir er að hluta miðað við 200m hæðarlínu m.t.t. lýsingar þekktra merkja en ekki er hægt að draga beina línu milli þekktra merkja þar sem það myndi leiða til niðurstöðu sem ekki væri hægt með sanngirni eða skynsemi að réttlæta. Hæðarlína var þá valin með hliðsjón af þekktum merkjum og reynt að miða við landshætti s.s. gróðurfar og landslag. Lækkun línunnar í 100m við Horn byggir á heimildum um nýtingu samnotaafréttar í Yzta-, Mið- og Innstadal í landi Horns sem krafan um Þjóðlendur byggir á. Rétt er þó að taka fram að í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er tekið fram að Horn eigi átölulaust allt land á bjarginu uppi en almenningur sé í reka undir því sem ýmsir nýti. Þá er tekið fram að afrétt fyrir lömb og geldfé sé ekki í sveitinni. Mælir þetta mót því að hluti Horns séu Þjóðlenda svo sem gerð er krafa um en bjargið kann engu að síður vera Þjóðlenda.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Almennunga eystri (Látravík og Bjarnarnes), Smiðjuvík, Barðsvík og Bolungavík* er fyrst og fremst stuðst við landamerkjabréf Smiðjuvíkur, Barðsvíkur og Furufjarðar. Þá er jafnframt stuðst við skriflegar heimildir þar sem fjallað er um bæir í Látravík og Bjarnarnesi hafi verið byggðir í almenningum.

Eins og að framan greinir hefur verið fallið frá kröfu vegna Látravíkur. Byggist breytt kröfugerð á gögnum frá Þjóðskjalasafni Íslands sem sýna að nýbýli var stofnað á jörðinni með útgáfu nýbyggingarbréfs 11. september 1885. Hinu sama gildir hins vegar ekki um Bjarnarnes þar sem jörðinni var afsalað frá Grunnavíkurhreppi án þess að fyrir liggi hvernig hreppurinn eignaðist jörðina.

Í sóknarlýsingu Vestfjarða kemur fram að Smiðjuvík sé 4 Hdr., lítið pláss og lítið fáist af heyjum, en fáeinar sauðkindur forsorgast þar með styrk af útigangi. Í landamerkjabréf Smiðjuvíkur er dags. 26. júlí 1884 þar sem merkjum er lýst og jörðin sögð 1,8 hndr. Merkin eru ekki skýr og verðmæti jarðarinnar lítið. Ekki er fjallað sérstaklega um Barðsvík og Bolungavík í sóknarlýsingu Vestfjarða. Þá eru landamerki jarðanna, með hliðsjón af landamerkjabréfum, óskýr. Þar sem landamerki víkanna eru ekki skýr er miðað við 200m hæðarlínu m.t.t. lýsingu þekktra merkja en ekki er hægt að draga beina línu milli þekktra merkja þar sem það myndi leiða til niðurstöðu sem ekki væri hægt með sanngirni eða skynsemi að réttlæta. Hæðarlína var þá valin með hliðsjón af þekktum merkjum og miðað við landshætti s.s. gróðurfar og landslag. Línan hækkar með hliðsjón af framangreindu í 400m í Barðsvík. Þó sú lína sé tiltölulega neðarlega í metrum, og hluti svæðisins því ekki mjög hálendur, er um að ræða brattlent svæði og virðist gróðurfar vera með þeim hætti, þ.e. um er að ræða frekar gróðurnautt land og líkur á því að það hafi

verið nýtt ekki miklar. Þá er bent á að um er að ræða svæði á annesjum mjög norðarlega.

V. Lagarök

Um lagarök er aðallega vísað til þjóðlendlaga nr. 58/1998 auk 72. gr. stjórnarskrárinnar. Byggt er á meginreglum eignarréttar um nám, töku og óslitin not, meginreglna um eignarráð fasteignaeigenda, almennra reglna samninga- og kröfuréttar, auk hefðarlaga nr. 14/1905. Þá er vísað til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986 auk ýmissa eignarréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.

VI. Sönnunargögn

Vísað er til framlagðra skjala og hliðsjónargagna óbyggðarnefndar. Áskilinn er réttur til að leggja fram ný sönnunargögn ef tilefni gefur til.

VII. Áskoranir og sérstakur áskilnaður

Áskilinn er réttur til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins fyrir óbyggðanefnd. Þá er áskilinn réttur til að leiða vitni við aðalmeðferð.

Sérstakur fyrirvari er gerður vegna einstakra landamerkjálýsinga, sem talið er af hálfu íslenska ríkisins að séu í samræmi við þjóðlendukröfulínu, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera.

Reykjavík, 16. júní 2022

F.h. fjármála- og efnahagsráðherra,
vegna íslenska ríkisins,



Ívar Pálsson hrl.